

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/31/24

frá 8. september 1999

um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra eininga og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu, að því er varðar framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði(*)

(tilkynnt með númeri C(1999)2533)

(1999/622/EB, KBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði⁽¹⁾, einkum 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (2. útgáfu European System of Integrated Economic Accounts – ESA) er ekki nákvæmlega kveðið á um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu.
- 2) Að því er varðar útreikning á vergri þjóðarframleiðslu á markaðsvirði samkvæmt 1. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE er nauðsynlegt að skýra meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu, að því er varðar 2. útgáfu evrópska þjóðhagsreikningakerfisins.
- 3) Í sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt kerfi um virðisaukaskatt: sami matsgrunnur⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/59/EB⁽³⁾, eru hugtökin skattskyldur einstaklingur, óskattskyldur einstaklingur og starfsemi sem nýtur undanþágu skilgreind.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var sett fram í 6. grein tilskipunar 89/130/EBE, KBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Við útreikning á lykilstærðum þjóðhagsreikninga, að því er varðar framkvæmd tilskipunar 89/130/EBE, KBE, er farið með endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innkaupa, sem greiddur er

- óskattskyldum einstaklingum,
- skattskyldum einstaklingum vegna starfsemi sem nýtur undanþágu,

samkvæmt 2. útgáfu evrópska þjóðhagsreikningakerfisins, sem rekstrartilfærslur (á tekjuflokkunarreikningnum — C3) eða fjármagnstílfærslur (á fjármagnsreikningi — C5), og ekki sem frádráttarbæran virðisaukaskatt.

Til að samræma beitingu þessarar ákvörðunar eru óskattskyldir einstaklingar skilgreindir í 4. gr. sjöttu tilskipunar 77/388/EBE, KBE og starfsemi, sem fyrirhugað er að njóti undanþágu, er getið í 13. gr. sjöttu tilskipunar 77/388/EBE, KBE.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu gilda um gögn vergrar þjóðarframleiðslu sem lögð eru fram samkvæmt tilskipun 89/130/EBE, KBE fyrir árin frá og með 1988.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. september 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 245, 17.9.1999, bls. 51, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2000 frá 28. júní 2000 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 42, 21.9.2000, bls. 19.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 49, 21.2.1989, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 162, 26.6.1999, bls. 63.